

Vegna: Máls nr. 1474/2025, Deiliskipulag í Viðlagafjöru - breyting vegna stækkunaráforma Laxeyjar ehf. (Auglýsing tillögu)

Athugasemd:

Vestmannaeyjabær hefur óskað eftir umsögn Samgöngustofu um eftirfarandi mál í Skipulagsgátt:

Deiliskipulag í Viðlagafjöru – breyting vegna stækkunaráforma Laxeyjar ehf., nr. 1474/2025: Auglýsing tillögu (Breyting á deiliskipulagi)

Við áform um landeldi í Viðlagafjöru var árið 2022 óskað umsagnar Samgöngustofu um þau áform. Athugasemdir stofnunarinnar sneru að því hvort fyrirhuguð mannvirki skertu siglingaöryggi með því að skyggja á Urðarvita.

Samgöngustofa vakti þá athygli Skipulagsstofnunar og Vestmannaeyjabæ á að fyrirhuguð eldisstöð er rétt við Urðarvita og væri líklegt að fyrirhuguð mannvirki gætu haft neikvæð áhrif á siglingaöryggi.

Í fjórðu grein laga nr. 132/1999 um vitamál segir: “Óheimilt er að byggja hús eða mannvirki sem skyggt gætu á leiðarmerki frá sjónum á þeim boga sjóndeildarhringsins þar sem því er ætlað að þjóna sjófarendum, og hæfilega langt til beggja handa. Getur Vegagerðin látið rífa húsið eða mannvirkið á kostnað eiganda þess ef brotið er á móti þessu.

Óheimilt er að setja upp ljós eða önnur merki sem kynnu að villa um fyrir sjófarendum.”

Vakin var athygli á að framkvæmdaaðili skuli m.a. gæta þess að fara að ákvæðum vitalaga og mikilvægt væri að leita einnig álits Vegagerðarinnar um fyrirhugaða framkvæmd.

Í framlögðum gögnum málsins nú kemur ekki fram að gætt hafi verið að framangreindu við skipulag mannvirkja og væri æskilegt að það væri gert svo ekki léki vafi á að hugað hefði verið að öryggi siglinga, eftir þörfum.

Höfundur: Gunnar Geir Gunnarsson

Sent inn þann: 15.04.2026 , **Fyrir hönd:** Samgöngustofa